

**Titill:** Geðsálfræði

**Skammstöfun:** SÁLF3CG05 (*hét áður SÁLF3CA05*)

**Námsgrein:** Sálfræði

**Viðfangsefni:** Geðsálfræði

**Forkröfur:** SÁLF2BT05/SÁLF2BP05/SÁLF2BÍ05

### Lýsing:

Geðsálfræðin fjallar um það sem hefur áhrif á heilsu m.a. streitu, einkenni hennar, áhrif á heilsu og streitupól. Fjallað er um fíkn, fíkniraskanir og forvarnir. Hugtakið geðheilbrigði er skoðað. Nemendur fræðast um algengustu flokka geðraskana, orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferð. Einnig er farið í sögulegan bakgrunn geðsálfræðinnar og hvað það merkir að vera andlega heilbrigður.

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- meginrannsóknarsviðum heilsusálfræðinnar og geðsálfræðinnar
- einkennum streitu og leiðir til að vinna gegn streitu
- fíkniröskun, forvarnir og skaðaminnkun
- hvað hugtökin heilbrigði (normality) og afbrigðileiki (abnormality) fela í sér
- flokkunarkerfum fyrir geðræn vandamál eða geðraskanir
- einkennum, algengi, mögulegum orsökum og áhættuþáttum helstu geðraskana
- læknalíkaninu og afstöðu ólíkra sjónarmiða í sálfræði til geðraskana og orsaka þeirra
- helstu meðferðum, hugmyndafræði þeirra og aðferðum
- því hvernig viðhorf til og meðferð geðraskana hefur breyst í gegnum tíðina

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina einkenni streitu og hvernig takast má á við hana
- þekkja fíknivanda og hugmyndir um skaðaminnkun
- greina einföld dæmigerð tilfelli geðraskana
- tjá kunnáttu sína í heilsusálfræði og geðsálfræði í ræðu og riti
- beita vísindalegri hugsun og vinnubrögðum
- nota viðurkenndar heimildir og gera greinamun á þeim og léttvægum
- tjá kunnáttu sína á sviði greinarinnar bæði í ræðu og riti

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- átta sig á því hvað einkennir heilbrigðan lífsstíl og í hverju heilsuefling er fólgin
- átta sig á því að líffræðilegir, vitsmunalegir og félagslegir þættir móta afbrigðilega hegðun
- meta réttmæti og áreiðanleika flokkunar geðraskana eða sjúkdómsgreiningar
- meta og bera saman ólík meðferðarform (m.a. líffræðilega og sálfræðilega meðferð)
- meta sálfræðilegar rannsóknir (þ.e. kenningar og/eða athuganir) með tilliti til heilsusálfræði og geðsálfræði
- vinna gegn fordómum í garð fólks með geðraskanir
- vega og meta gildi ólíkra heimilda
- efla eigin siðferðisvitund og umburðarlyndi
- geta tekið þátt í rökræðum um málefni greinarinnar
- ígrunda og meta eigið nám og vinnuframlag sem og samnemenda sinna

### **Námsmat:**

Rannsóknarritgerð, tímaverkefni, tímapróf.